



Hreppsnefnd 18.10.07

Hreppsnefndarfundur var haldinn fimmtudaginn 18. október 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Halldóra S. Árnadóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 4. október sl.
Fundargerð hreppsnefndar frá 4. okt. sl. lögð fram.
Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð bygginganefndar frá 8. okt. sl.
Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar “Norðausturvegur” og gerði grein fyrir breytingum á efnistökusvæðum frá upphaflegum áformum Vegagerðarinnar. Fundarmenn töldu þessa breytingu mjög til til bóta.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. mál Fundargerð jafnréttisnefndar frá 2. okt. sl.
Fundargerð jafnréttisnefndar frá 2. okt. lögð fram. Björn Halldórsson kvaddi sér hljóðs undir 4. tl. fundargerðarinnar “Jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps” og óskaði eftir að fá eintak af drögum að jafnréttisáætlun og var orðið við því.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4. mál Fundur þjónustuhóps aldraðra frá 1. okt. sl.
Lögð fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar frá 15. okt. sl.
Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar frá 15. okt. sl. lögð fram. Björn Halldórsson kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar “Loðnuverkefni” og óskaði nánari upplýsinga um stöðu verkefnisins og jafnframt óskaði hann upplýsinga um eftirfylgni vegna tl. 4 “Jöfun flutningskostnaðar. Ólafur Ármannsson gerði grein fyrir framvindu mála er snúa að loðnuverkefninu og voru fundarmenn sammála um að hér væri mjög spennandi verkefni á ferðinni. Í framhaldi gerði sveitarstjóri grein fyrir því hvernig unnið hefði verið að því að ná fram fjármunum til flutningsjöfnunar á Austurlandi með sambærilegu sniði og gert hefur verið á Vestfjörðum.

6. mál. Leikskólinn Brekkubær, viðbygging -Opnun tilboða-
Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í Leikskólann Brekkubæ frá 8. okt. sl.

Eitt tilboð barst og var það frá Mælifelli ehf.

- 1) Tilboð Mælifells 19.516.900 kr.
- 2) Kostnaðaráætlun 19.420.000 kr.

Tilboð Mælifells er 100,5 % af kostnaðaráætlun.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá verkamningi við lægstbjóðanda.

7. mál Vesturfarinn bréf dags. 13. sept. sl., varðandi styrk.

Lagt fram erindi Vesturfarans frá 13. sept. sl. þar sem óskað er eftir styrk.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar og sveitarstjóra falið að kynna umsækjanda feril umsóknar.

8. mál Tillaga að stofnskrá Starfsendurhæfingar Austurlands

Lögð fram drög að stofnskrá Starfsendurhæfingar Austurlands. Nokkur umræða fór fram um málið. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að gerast aðili að stofnskrá Starfsendurhæfingar Austurlands og var sveitarstjóra falið að undirrita stofnskrána fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps.

9. mál. HB Grandi h/f, sala hlutabréfa, til samræmis við áform í fjárhagsáætlun 2007.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Skýrði hann frá því hver væri heildareign hlutabréfa sveitarfélagsins í HB Granda og hvert markaðsvirði slíkra bréfa væri miðað við síðustu markverðar sölur HB Granda bréfa á markaði.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að selja hlutabréf að nafnvirði allt að 7.000 þús. kr. enda fáist viðunandi tilboð í bréfin.

10.mál. Olíuleit á Drekasvæði, skjöl og vinna frá fundi 10. okt. sl.

Lögð fram skjöl og gögn unnin af lögfræðiskrifstofunni Regula. Sveitarstjóri skýrði frá málinu og lagði til að hreppsnefnd samþykkti að stofnað verði hlutafélag í samvinnu sveitarfélaganna Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar o. fl aðila. Í upphafi verði sveitarfélögin stærstu hluthafarnir en þegar fram í sækir verður við það miðað að hlutur sveitarfélaganna minnki og aðrir fjárfestar komi inn í staðinn.

Fyrsta verkefni félagsins verði að afla fjár til þess að vinna þarfaskilgreiningu um það hvaða tækifæri geta falist í olíuleit á Drekasvæðinu.

Umræða fór fram um málið og samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar.

11.mál Ýmis bréf og mál:

a) Lyfjastofnun bréf dags. 8. okt. sl., varðandi Lyfsölu Vopnafjarðar

b) Bréf Samgönguráðuneytisins frá 2. okt., varðandi GSM væðingu leiðarinnar frá Vopnafirði inn á Hringveg.

c) Bréf Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 1. okt. sl., varðandi heildarúttekt á neysluvatni.

d) Fundur með þingmönnum kjördæmisins, áætlaður miðvikudaginn 24. okt. n. k.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.